

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Húnavatnshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorpgjald (sorphaðu- og sorpeyðingargjald) sem innheimt skal með fasteignagjöldum.

Sorphaða fer fram samkvæmt dagatali sorphirðu ár hvert. Árið 2014 er gert ráð fyrir 19 sorphirðudögum. Einnig er móttaka sorps á gámasvæðum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir, lögbýli, íbúðarhús (660 1 kör)	kr. 48.800
--	------------

Hver aukalosun frá

íbúðum, lögbýlum og íbúðarhúsum	kr. 2.625
---------------------------------	-----------

Sumarhús:

Notendur þeirra geta losað sig við sorp á gámasvæðum sveitarfélagsins.	kr. 9.200
---	-----------

Sorpgjald fyrirtækja:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu frá þeim.

Sorphaðugjald	kr.
Flokkur 1	52.500
Flokkur 2	146.000
Flokkur 3	174.000
Flokkur 4	284.000
Flokkur 5	530.000

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

3. gr.

Að lokinni álagningu skv. 2. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Húnavatnshrepps. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Hreppsnefnd er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af hreppsnefnd Húnavatnshrepps 30. október 2013, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Gjaldskráin er sett með heimild í 7. gr. samþykktar nr. 56/2008 um sorphaðu í Húnavatnshreppi og skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnar nr. 7/1998, með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1286/2012. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Húnavatnshreppi, 30. október 2013.

Jens P. Jensen sveitarstjóri.